



VIÐMIÐ ÍSÍ UM GÓÐA STJÓRNARHÆTTI

Gagnsæi

Gagnsæi vísar til þess að ferlar, ákvarðanir og upplýsingar um starfsemi ÍSÍ séu skýrar, aðgengilegar og auðskiljanlegar fyrir almenning og hagsmunaaðila. Gagnsæi stuðlar þannig að trausti, ábyrgð og sanngirni í stjórnun sambandsins.

Með gagnsæi er m.a. átt við að upplýsingar séu aðgengilegar sambandsaðilum og öðrum hagaðilum varðandi öll mikilvæg málefni. Það krefst þess að upplýsingum sé miðlað á fjölbreyttan hátt þannig að auðvelt sé að fylgjast með starfi sambandsins og að rétt sé staðið að ákvarðanatöku. Þannig geta sambandsaðilar og aðrir hagaðilar haft áhrif á stefnumótun ÍSÍ.

Gagnsæi er mikilvægur þáttur í að auka traust almennings á fyrirtækjum, samtökum og opinberum aðilum. Skortur á gagnsæi getur leitt til misbeitingar valds, fjárhagslegrar óstjórnar eða jafnvel spillingar.

Aukið gagnsæi leiðir því til betri stjórnarháttar.

1. Aðgengi að upplýsingum

Aðgengi vísar til þess að hve miklu leyti skjöl, lagaleg, fjárhagsleg og önnur vinnuskjöl skulu gerð aðgengileg innri og ytri hagsmunaaðilum. Í aðgengi felst að upplýsingar séu settar fram á auðskiljanlegan hátt og að auðvelt sé að nota þær. Krafa um aðgengi upplýsinga og gagnsæi gerir það þó ekki sjálfkrafa að verkum að öll skjöl skuli birt opinberlega. Æskilegt kann að vera að ákveðin skjöl séu aðeins birt tilteknum aðilum eða séu aðeins birt að hluta.

Til að tryggja aðgengi að upplýsingum skal ÍSÍ halda úti aðgengilegri vefsíðu þar sem lög og reglugerðir sambandsins eru birtar ásamt stefnum sambandsins, fundargerðum stjórnar, fundargerðum og þinggögnum Íþróttapinga, upplýsingum um stjórnarfólk (t.d. netfang, kjörtímabil o.þ.h.) og sambandsaðila ÍSÍ, ársskýrslum og ársreikningum.

2. Tímanlegar og uppfærðar upplýsingar

Að birta upplýsingar tímanlega og uppfæra þær reglulega tryggir gagnsæi, áreiðanleika og traust í samskiptum.

Þegar upplýsingar eru aðgengilegar tímanlega eykur það traust á milli aðila. Tímanleg birting gerir hagaðilum kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Regluleg uppfærsla tryggir svo að nýjustu upplýsingar séu til staðar og að aðilar geti treyst þeim upplýsingum sem eru birtar. Upplýsingar sem ekki eru yfirfarnar reglulega geta verið úreltar eða rangar sem getur leitt til misskilnings og jafnvel mistaka við ákvarðanatöku.

Fundargerðir framkvæmdastjórnar ÍSÍ skulu því vera aðgengilegar sem fyrst eða eigi síðar en sjö dögum frá því að stjórnarfundur fór fram. Æskilegt er að kveðið sé á um þetta í starfsreglum framkvæmdastjórnar. Hagaðilar fá þannig tækifæri til að kynna sér tímanlega þau atriði sem rædd voru á fundinum. Í lögum ÍSÍ skal jafnframt tryggt að ÍSÍ birti dagskrá Íþróttapinga og önnur gögn tímanlega fyrir þingið.

Skrifstofa ÍSÍ skal *jafnframt gæta þess að fara reglulega yfir þau gögn sem birt eru á vef ÍSÍ og uppfæra tímanlega þegar við á.*

3. Staðlar um ritun skjala

Stöðluð skjöl eru almennt betur skipulögð og auðveldara fyrir lesendurað finna lykilatriði í þeim og skilja efni þeirra. Þannig auka stöðluð skjöl gagnsæið. Stöðluð skjöl tryggja líka samræmi í upplýsingagjöf sem auðveldar samanburð og greiningu upplýsinga og þá er oft auðveldara að rekja hvernig ákvarðanir eru teknar og af hverjum. Því má segja að stöðlun skjala stuðli að gagnsæi með því að skapa skýrleika, samræmi og öryggi í miðlum upplýsinga. Það gerir hagaðilum auðveldara að skilja og treysta upplýsingum og taka upplýstar ákvarðanir.

Ákjósanlegt er að framkvæmdastjórn ÍSÍ setji sér staðal um ritun fundargerða, þ.e. hvað skal skráð og hvernig. Gæta þarf þess að svigrúm sé til staðar vegna umræðu um viðkvæm málefni (t.d. með því að halda trúnaðarbók).

B. Lýðræði

Lýðræði í góðum stjórnarháttum einkennist af mörgum þáttum sem stuðla að skýrum, sanngjörnum og ábyrgum stjórnarháttum. Undir hugtakið lýðræði falla t.d. ýmis atriði er varða stjórnsýslu og ákvarðanatöku.

Lýðræði felur m.a. í sér dreifingu valds og ábyrgðar og hvernig valdhafar eru valdir og þeim skipt út. Frjálsar og sanngjarnar kosningar eru grundvallaratriði þegar kemur að lýðræði sem og að tryggja opna og almenna umræðu, aðgang að upplýsingum og samráð. Þegar hagaðilum er tryggð slík aðkoma að ákvörðunarferli og stefnumótun er líklegra að almenn sátt náist um niðurstöðuna.

1. Fyrirkomulag og framkvæmd Íþróttapings

Mikilvægt er að tryggja lýðræði við framkvæmd Íþróttapings. Það styrkir traust meðlima sambandsins og stuðlar að virkum og réttlátum samtökum.

Skýrt skal vera í lögum ÍSí hvenær skal halda Íþróttaping, hvaða fresti aðilar hafa til að koma málum á dagskrá og hvenær öll gögn er varða Íþróttaping skulu vera aðgengileg sambandsaðilum fyrir þingið. Fyrirsjáanleiki hvað þetta varðar tryggir að sambandsaðilar séu vel upplýstir, geti tekið upplýstar ákvarðanir og skapar tækifæri fyrir þá til að koma málefnum inn á dagskrá þingsins.

Til að tryggja að þingið starfi á lýðræðislegan hátt skal tekið fram í lögum ÍSí með hvaða hætti fjöldi þingfulltrúa sambandsaðila er ákveðinn. Hver sambandsaðili skal eiga rétt á a.m.k. einum þingfulltrúa.

Þingsköp stuðla að lýðræði þar sem í þeim koma fram skýrar reglur og ferli um m.a. hvernig þingfundir fara fram, hvernig ákvarðanir eru teknar og með hvaða hætti aðilar hafa tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum. Æskilegt er að ÍSí endurskoði þingsköp að lágmarki fyrir annað hvert Íþróttaping. Með því móti geta allir hagaðilar kynnt sér með hvaða hætti Íþróttaping fer fram.

2. Framkvæmd kosninga

Kosningar eru óaðskiljanlegur hluti af lýðræði þar sem þær tryggja þátttöku sambandsaðila í ákvarðanatöku og stjórnun innan ÍSí. Sambandsaðilar fá þannig tækifæri til að velja sína fulltrúa sem taka ákvarðanir í þeirra nafni. Kosningar veita einnig tækifæri til að skipta um stjórnendur og breyta stefnum ef óánægja er með núverandi stjórn, sem stuðlar að ábyrgð og gegnsæi í stjórnsýslu.

Í lögum ÍSí skulu koma fram skýrar reglur um framkvæmd kosninga, m.a. hverjir hafa atkvæðisrétt, hverjir eru kjörgengir, hvernig kosningar skulu fara fram og hvort leyfilegt sé að greiða atkvæði með öðrum hætti en í persónu.

Æskilegt er að kosningar séu að jafnaði leynilegar og að heimilt sé að framkvæma þær með rafrænum hætti.

Forseti ÍSí skal ekki eiga sæti í kjörnefnd.

Æskilegt er að tryggja flæði þekkingar frá einni stjórn til annarrar, t.d. þannig að ekki séu allir meðlimir kosnir inn á sama þingi. Það styrkir enn fremur lýðræðið að setja hámarkstíma á stjórnarsetu einstaklinga þar sem slíkt fyrirkomulag veitir fleiri einstaklingum tækifæri til að taka þátt í stjórnun og mótun sambandsins. Þá minnkar það jafnframt líkur á valdniðslu. Samanlagður kjörtími forseta og annarra stjórnarmanna skal ekki vera umfram 12 ár.

3. Starfsreglur framkvæmdastjórnar

Starfsreglur stjórnar stuðla að því að ákvarðanatöku og stjórnun sé lýðræðisleg. Þær stuðla að skýrri ábyrgð og tryggja gagnsæi, þátttöku, samráð og jafnræði við ákvarðanatöku í stjórn.

Framkvæmdastjórn ÍSí skal því setja sér starfsreglur þar sem fjallað er um stjórnarfundir og hvernig þeir skuli fara fram. Þar eiga koma fram upplýsingar um:

- Skipan og hlutverk framkvæmdastjórnar
- Skiptingu starfa innan framkvæmdastjórnar
- Hlutverk og verksvið framkvæmdastjórnar
- Hlutverk og verksvið forseta ÍSí
- Framkvæmdastjóra
- Fyrirsvar framkvæmdastjórnar
- Skyldur framkvæmdastjórnar
- Boðun funda, fjölda funda, o.fl.
- Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur, o.fl.
- Fyrirspurnir stjórnarmanna og samskipti milli stjórnarfunda
- Fundargerðir og fundargerðarbók
- Þagnar- og trúnaðarskyldu
- Hagsmunatengsl og hæfi
- Upplýsingagjöf
- Undirritun ársreiknings ÍSí
- Frekari reglur um störf framkvæmdastjórnar ÍSí
- Breytingar á starfsreglum framkvæmdastjórnar
- Vörslu og meðferð starfsreglna

4. Þátttaka hagaðila

Þekking og reynsla kemur víða að. Til að stefnur ÍSí endurspegli fjölbreytileika sambandsins er mikilvægt að sambandsaðilar og aðrir hagaðilar hafi tækifæri til að koma að mótun hennar. Þátttaka hagaðila í ákvarðanatöku og stefnumótun eykur traust, tryggir að ólík sjónarmið og hagsmunir komist að og ýtir undir að ákvarðanir byggji á raunverulegum aðstæðum og þörfum.

ÍSí skal setja sér markmið varðandi þátttöku ólíkra hópa og hagsmunaaðila í starfi þess.

5. Fjölbreytni og jafnrétti

Fjölbreytileiki er undirstaða skilvirkrar ákvarðanatöku og stefnumótunar og með honum komast mismunandi sjónarmið að í því ferli. Fjölbreytileiki eykur þannig gæði ákvarðanatöku og stuðlar að samfélagi þar sem allir eru virkir þátttakendur.

ÍSí ber að tryggja að sambandið fræði og hvetji einstaklinga með ólíkan bakgrunn með markvissum hætti til að bjóða sig fram í stjórn sambandsins, með það að markmiði að íþróttahreyfingin endurspegli fjölbreytileika.

Í lögum eða reglum ÍSí skal þess getið að við skipan í nefndir og ráð sé gætt að því að samsetning nefnda/ráða sé sem fjölbreyttust.

ÍSí skal hafa jafnréttisstefnu/jafnréttisáætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti stuðlað er að jafnrétti í starfseminni og hvaða aðgerðir er þörf.

C. Áreiðanleiki (Innri ábyrgð og eftirlit)

Áreiðanleiki er ein af grundvallarforsendum trausts milli ÍSÍ og hagaðila.

Áreiðanleiki stuðlar að trausti almennings, stöðugleika í stjórnkerfinu og skýrum ákvörðunum. Í áreiðanleika felst að áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og fagmennsku. Markmið og stefna sambandsins verður þannig hagaðilum skýr og unnin í samráði við þá.

Með innri ábyrgð og eftirliti er átt við að hlutverk og ábyrgð einstakra stjórnarmanna og annarra embættismanna innan sambandsins sé skýrt og verkferlar séu til staðar varðandi ákvarðanatöku innan sambandsins, hagsmunaárekstra og fleira.

1. Framtíðarsýn og stefna

Þegar samband hefur mótað sér framtíðarsýn og stefnu verða markmið starfsins öllum ljós. Ýtir það undir að ákvarðanir séu teknar með heildarstefnu sambandsins að leiðaljósi.

Skýr framtíðarsýn og stefna leiðir af sér skipulögð vinnubrögð, stefnumótun og skilvirkni ásamt því að stjórnendur og starfsmenn eru allir ábyrgir fyrir því að fylgja eftir skýrum markmiðum sambandsins.

ÍSí skal því móta framtíðarsýn og stefnu til að fylgja henni eftir. Kveðið skal á um það í lögum sambandsins að framtíðarsýn og stefna séu samþykktar af Íþróttapingi. Stefna skal unnin með skýrum markmiðum og leiðum til þess að ná þeim innan ákveðins tímaramma.

2. Skipulag ÍSí

Mikilvægt er að skipulag ÍSí sé skýrt og öllum kunnugt. Í skýru skipulag er m.a. kveðið á um valdaskipan, hlutverk og ábyrgð.

Lög ÍSí skulu tryggja að Íþróttaping fari með æðsta vald í málefnum sambandsins og framkvæmdastjórn ÍSí á milli Íþróttapinga. Í lögum skal jafnframt kveðið á um að stjórnarfólki sé óheimilt að taka stöðu þingfulltrúa á Íþróttapingi.

ÍSí skal koma sér upp regluverki sem skilgreinir hlutverk og ábyrgð embætta innan stjórnar og nefnda. Hlutverk nefnda, fjöldi nefndarmanna og hvernig störfum nefnda skuli háttað skal einnig liggja fyrir.

Loks skal vera í lögum eða reglum ÍSí hvernig skuli brugðist við ýmsum aðstæðum sem geta komið upp í starfi stjórnar t.d. afsögnum stjórnarfólks, hagsmunaárekstrum stjórnarmanna eða þegar stjórn verður óstarfhæf.

3. Fjármál

Ábyrg fjármálastjórn er einn af grundvöllum trausts og stöðugleika bæði innan sambanda og út á við. Þá tryggir góð fjárhagsáætlun að fjármunir séu notaðir á ábyrgan og gagnsæjan hátt.

Framkvæmdastjórn ÍSí skal vinna fjárhagsáætlun til tveggja ára í senn og skal í lögum sambandsins kveðið á um að hún skuli samþykkt á Íþróttapingi. Fjárhagsáætlun skal unnin með skýrum markmiðum og leiðum til þess að ná þeim innan ákveðins tímaramma.

ÍSí skal hafa samþykktarkerfi reikninga þar sem tryggt er að tveir aðilar samþykki hvern reikning. Takmarka skal alla notkun á reiðufé í störfum sambandsins.

4. Siðareglur

Siðareglur setja ramma utan um viðmið og gildi sem stjórnendur, starfsmenn og hagaðilar þurfa að fylgja. Skýrar siðareglur tryggja þannig að allir séu meðvitaðir um hvaða hegðun er talin viðeigandi í samskiptum og hvaða reglum skal fylgja. Sambönd sem setja sér siðareglur og fylgja þeim eftir auka trú hagaðila á að þau starfi að heilindum.

Siðareglur geta hjálpað til við að tryggja að ákvarðanir séu teknar á siðferðilegan hátt, að hagaðilar treysti sambandinu og að allir verði látnir bera ábyrgð á gjörðum sínum.

ÍSí skal setja sér siðareglur sem eru skýrar og í þeim koma fram hvernig tilkynna skuli um möguleg brot á þeim sem og hvernig málsmeðferð er háttað og hvaða afleiðingar brot kunna að hafa.

Tryggja skal að þeir sem tilkynna um brot á siðareglum verði ekki látnir gjalda fyrir það að tilkynna eða fyrir að leita réttar síns telji þeir á sér brotið.

Mikilvægt er að siðareglur hljóti staðfestingu Íþróttapings. Yfirfara skal reglurnar fyrir hvert Íþróttaping og uppfæra eftir þörfum.

5. Hagsmunaárekstrar

Hagsmunaárekstrar eiga sér stað þegar einstaklingar standa frammi fyrir aðstæðum þar sem persónulegir eða fjárhagslegir hagsmunir þeirra stangast á við skyldur þeirra gagnvart ÍSí eða sambandsaðilum. Hagsmunaárekstrar geta þannig haft áhrif á ákvarðanatöku innan sambandsins og skert trúverðugleika þess.

Lögfesta skal reglur er varða hæfi stjórnar- og nefndarmanna. Þar skal koma fram að þeim sem sitja í framkvæmdastjórn ÍSí skuli hvorki vera í launuðu starfi hjá sambandsaðilum né sitja í stjórnnum þeirra. Sama skal eiga við um þá sem skipaðir eru í stjórn Afrekssjóðs. Jafnframt skal framkvæmdastjórn ÍSí setja verklagsreglur um hvernig skuli bregðast við og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Í þeim skal m.a. kveðið á um skyldu aðila til að víkja af fundi við umfjöllun eða kosningu um mál sem valda vanhæfi viðkomandi og hvernig vanhæfi sé staðfest í fundargerð.

Í lögum ÍSí skulu vera ákvæði um almennt og sérstakt hæfi dómara við dómstóla sambandsins. Tryggt skal að dómarar séu ekki stjórnarmenn í ÍSí, meðlimir í stjórnnum sambandsaðila eða sitji í öðrum fastanefndum ÍSí.

6. Endurskoðun ákvarðana

Þegar réttur til áfrýjunar máls er tryggður stuðlar það að vönduðum vinnubrögðum við ákvarðanatöku þar sem þeir aðilar sem standa að ákvörðun vita að hún kann að sæta endurskoðun. Áfrýjunarrétturinn gerir aðilum þannig kleift að fá ákvörðun endurskoðaða af óháðum aðilum ef þeir telja að brotið hafi verið á réttindum þeirra. Rétturinn til að áfrýja máli tryggir þannig réttlæti, gagnsæi og ábyrgð í ákvörðunarferli sambandsins.

Í lögum ÍSí skal rétturinn til að áfrýja dómsmálum vera tryggður.

D. Samfélagsleg ábyrgð

Í samfélagslegri ábyrgð felst að ÍSÍ tekur ábyrgð á áhrifum sínum á samfélagið, umhverfið og hagkerfið. Með því að samþætta samfélagslega ábyrgð í stjórnarhætti sína getur ÍSÍ þannig stuðlað að heiðarleika, trausti og velgengni á vettvangi íþróttta.

Í samfélagslegri ábyrgð felst að starfsemi ÍSÍ sé í samræmi við samþykkt gildi og viðmið ÍSÍ til að stuðla að og styðja við betra samfélag. Þessi gildi og viðmið eru breytingum háð og þarf sambandið því að vera viðbúið að bregðast við þeim breytingum sem verða. Að sýna samfélagslega ábyrgð eykur traust á sambandið og hefur jákvæð áhrif á viðhorf hagaðila og annarra til þess.

1. Íþróttir fyrir alla

ÍSí skal stuðla að því að innan íþróttar sé skapað umhverfi þar sem allir óháð uppruna, líkamlegu ástandi, búsetu, kyni, aldri og þjóðerni fái jöfn tækifæri til að taka þátt. Íþróttastarfsemi skal því skipulögð þannig að íþróttir séu aðgengilegar og þátttakendur upplifi sig velkomna og samþykkt.

ÍSí skal leggja áherslu á verkefni sem miða að því að bjóða íþróttir fyrir alla.

2. Velferð íþróttafólks, heilsa og vellíðan

Samfélagsleg ábyrgð snýst um að tryggja jákvæð áhrif á samfélagið og þar er velferð íþróttafólks mikilvægur þáttur. Íþróttafólk er oft fyrirmyndir almennings, sérstaklega ungs fólks, og með því að huga að velferð þeirra er íþróttafólkið líklegra til að taka þátt í samfélagslegum verkefnum og hafa jákvæð áhrif á samfélagið í heild. Þá felst samfélagsleg ábyrgð einnig í því ÍSí styðji samfélagið.

ÍSí skal stuðla að velferð íþróttafólks með því að bjóða upp á þjálfaramenntun þar sem þar sem m.a. er fjallað um fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir meiðsli og álagsvandamál.

ÍSí skal skapa öruggt og stuðningsríkt umhverfi fyrir íþróttafólk. Til staðar skal vera áætlun um hvernig bregðast skuli við hvers kyns ofbeldi og áreitni, einelti og öðrum sambærilegum atvikum þar sem skýrt er kveðið á um hvernig skuli tilkynna og bregðast við atvikum. Viðbragðsáætlunin skal endurskoðuð á tveggja ára fresti. Í lögum eða siðareglum sambandsins skal jafnframt kveðið á um viðurlög við hvers kyns mismunun.

ÍSí skal beita sér fyrir úrbótum á vegum hins opinbera varðandi réttindi atvinnuíþróttafólks á vinnumarkaði.

Loks skal ÍSí stuðla að heilsu og vellíðan í samfélaginu með því að bjóða upp á fræðslu og verkefni á sviði heilsuræktar sem almenningur hefur tækifæri til að taka þátt í.

3. Lyfjamisnotkun

Lyfjamisnotkun hefur ekki aðeins skaðleg áhrif á líkamlega og andlega heilsu íþróttafólks heldur hefur hún einnig skaðleg áhrif á aðra sem íþróttum tengjast. Lyfjamisnotkun leiðir t.d. til þess að keppni fer ekki fram á sanngirnisgrundvelli, dregur úr trausti almennings á keppnum og sendir röng skilaboð út í samfélagið.

Með því að berjast gegn lyfjamisnotkun leggur ÍSí áherslu á sanngirni, virðingu og heiðarleika og leggur þannig sitt af mörkum til að viðhalda þessum gildum í samfélaginu.

ÍSí ber lögum samkvæmt að berjast gegn lyfjamisnotkun og skipar tvo aðila í stjórn Lyfjaeftirlits Íslands. Fræðsla um forvarnir gegn lyfjamisnotkun fer að mestu leyti fram á

vegum Lyfjaeftirlitsins en ÍSí tryggir jafnframt að slíkar forvarnir séu hluti af fræðslu á vegum ÍSí til þjálfara og íþróttamanna.

Á heimasíðu sambandsins skal vera hlekkur inn á heimasíðu Lyfjaeftirlitsins.

4. Hagræðing úrslita

Hagræðing úrslita skaðar ekki aðeins íþróttirnar sjálfar heldur hefur einnig neikvæð áhrif á traust almennings, hagsmuni þeirra sem tengjast íþróttum og samfélagið í heild sinni. Í samfélagslegri ábyrgð felst að tryggja að íþróttir sé byggðar á sanngirni of heiðarleika en hagræðing úrslita hefur neikvæð áhrif á þessa þætti.

Sé hagræðingu úrslita leyft að viðgangast missir almenningur traust á íþróttaviðburðum og getur það haft alvarlegar afleiðingar m.a. hvað varðar fjárhagslegan stuðning við íþróttir og þátttöku í þeim. Miklu máli skiptir að fræða íþróttamenn um skaðsemi hagræðingar úrslita en slíkar forvarnir gera íþróttamenn betur í stakk búna til að takast á við óeðlileg tilboð sem þeir kunna að fá og varða hagræðingu úrslita.

Lyfjaeftirlit Íslands ber ábyrgð á fræðslu og forvörnum um hagræðingu úrslita. ÍSí skal jafnframt leggja sitt af mörkum með því að tryggja að slík fræðsla sé hluti af þjálfaramenntun á vegum ÍSí og fræðslu til afreksíþróttamanna sem sambandið stendur fyrir.

ÍSí skal hafa í lögum sínum ákvæði gegn hagræðingu úrslita. Einnig skal kveðið á um bann gegn því að deila trúnaðarupplýsingum sem gætu gagnast aðilum er veðja á úrslit leikja. Sambandið skal hvetja alla sem verða varir við óeðlilegar fyrirspurnir að tilkynna þær til Lyfjaeftirlits Íslands.

5. Sjálfbærni íþróttar

Sjálfbærni er mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð íþróttasamtaka þar sem þau hafa veruleg áhrif á samfélagið. Sjálfbærni er víðfeðmara hugtak en að það snúist einungis um náttúru og umhverfi. Hugtakið snertir einnig heilsu og vellíðan, félagslegt réttlæti, menningarmál og efnahagslíf.

ÍSí skal í því samhengi vera leiðandi í sjálfbærni á sviði íþróttar og hafa heimsmarkmið SP að leiðarljósi á þeirri vegferð.

ÍSí skal því setja sér sjálfbærnistefnu og hvetja sambandsaðila til að gera slíkt hið sama.